



Velferðarkaffi

*Horft fram á veginn – tækifæri til virkni og
atvinnuþátttöku*

26. febrúar 2021

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar






Þróun fjárhagsaðstoðar






Fjárhagsaðstoð til framfærslu





Fjölskyldugerð


Fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2019-2020. Skipting eftir fjölskyldugerð





Aldur

Fjárhagsaðstoð til framfærslu 2019 og 2020 eftir aldri




- Fjölgun í öllum aldurshópum utan elsta hópsins, sem stendur í stað milli ára.



Atvinnustaða

Fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2019 og 2020
Hlutfallsleg skipting eftir atvinnustöðu




- Sú breyting hefur orðið að óvinnufærir og atvinnulausir án bótaréttar eru orðnir jafn stórir hópar.
- Aðrir hópar stöðugir.



Ríkisfang

Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Eftir ríkisfangi 2019 og 2020




- Efnahagslægdin og Covid virðast hafa ólík áhrif á hópana eftir ríkisfangi.
- Fólki með íslenskt ríkisfang fór að fjölga í apríl og síðan fór að fækka í hópnum á síðasta ársþriðjungi.
- Fólki með erlent ríkisfang hefur fjölgað jafnt og þétt allt frá jan. 2019, utan fækkunar í sept. og des. 2020. Í lok árs var hlutfall þeirra sem er með erlent ríkisfang 41% allra notanda fjárhagsaðstoðar en var 30% í sept. 2019.



Flóttafólk – þróun

Hlutfall flóttafólks af öllum notendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu



- Mikil fjölgun fólks á fjárhagsaðstoð með stöðu flóttafólks.
- Aukning flóttafólks á fjárhagsaðstoð frá jan. 19 til des. 20 er 351%.



Virkniúrræðið velferðarsviðs



Grettistak, Karla- og Kvennasmiðja

Grettistak

- Einstaklingar með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu studdir til sjálfshjálpar og aukinnar færni á vinnumarkaði og/eða til náms að lokinni meðferð.

Karlasmiðja

- Karlar með stutta skólagöngu og þátttöku á vinnumarkaði fá tækifæri til að bæta menntun og öðlast getu til að komast í vinnu eða nám að nýju.

Kvennasmiðja

- Mæður með börn á framfæri sem ekki hafa verið á vinnumarkaði, eða félagslega einangraðar með litla eða brotna skólagöngu fá tækifæri til að bæta menntun og öðlast getu og færni til að komast í vinnu eða nám.

Um er að ræða 18 mánaða endurhæfingartímabil





Tinna og IPS

TINNA

- Markviss vinna með einstæðum foreldrum (28-30 ára) og börnum þeirra.
- Stuðningur til sjálfshjálpar og heildstæð þjónusta sem stuðlar að bættum lífsgæðum fjölskyldnanna.

Stuðningur og eftirfylgd í starf

(IPS-Individual Placement and Support)

- Gagnreyndar starfsendurhæfingaraðferðir.
- Einstaklingar fá aðstoð við að finna atvinnu.
- Viðkomandi og vinnuveitandi fá stuðning í kjölfarið.
- Áhersla á samfelli í þjónustu og aukna vinnuheldni.





Bataskólinn og Starfabrú

Bataskólinn

- Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Geðhjálpar og fleiri aðila.
- Einstaklingar eldri en 18 ára sem glímt hafa við geðrænar áskoranir og aðstandendur þeirra stunda batamiðað nám.
- Fjölbreytt námskeið sem haldin eru sameiginlega af fagfólki og fólki með eigin reynslu af geðrænum áskorunum.

Starfabrú

- Samstarfsverkefni velferðarsviðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs.
- Arabískumælandi notendur fjárhagsaðstoðar.
- Stuðningur við atvinnuleit
- Samfélagsfræðsla.





Tækifæri



Starfshópur um endurskoðun átaksverkefna

Þann 16. desember 2020 voru samþykktar í velferðarráði tillögur starfshóps undir forystu Heiðu Bjargar Hilmarsdóttur, formanns velferðarráðs, sem falið hafði verið að endurskoða átaksverkefni á velferðarsviði.

Velferðarsvið var falið að koma á fót „**Virknihúsi**“ sem nái utan um öll virkniúrræði með heildstæðri og einstaklingsmiðaðri nálgun og auknu samstarfi við 3ja geirann.

Tillögur byggðust m.a. á niðurstöðu könnunar um upplifun þátttakenda og starfsfólks átaksverkefna.






Sambætt eining allra úrræða - „Virknihús“

Áherslur:

- Öll úrræði undir sama hatt, minnka flækjustig, einfalda utanumhald, bæta umgjörð, skipulag og eftirfylgni.
- Aukinn sveigjanleiki, samnýting námskeiða og fjölbreyttari framboð úrræða.
- Úrræðin hafi á að skipa fjölbreyttum hópi fagaðila með ólíkan bakgrunn.
- Virk samvinna við 3ja geirann um framboð námskeiða og leiðir til stuðnings.

Ein verkefnastjórn verði skipuð fyrir öll úrræðin sem hafi yfirsýn yfir starfsemina, sjái um inntöku og áframhaldandi þróun og skipulagningu.





Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19

Fyrstu aðgerðir í mars 2020 lutu m.a. að fjölgun starfa:

- Sumarstörf fyrir 17 ára (200) og 18 ára og eldri (600).
- 100 störf fyrir einstaklinga með bótarétt.
- 100 störf fyrir notendur fjárhagsaðstoðar án bótaréttar.
- Í sumarstörf voru ráðnir 657 einstaklingar.
- Í janúar 2021 var búið að ráða 61 einstakling með atvinnuleysisbótarétt í störf og 27 notendur fjárhagsaðstoðar án bótaréttar.





Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19

Janúar 2021

Á grundvelli tillagna starfshóps samþykki borgarráð að komið verði á fót **atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar**, vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19, sem hefur m.a. það markmið að fjölga ráðningum tímabundið hjá Reykjavíkurborg og veita fleiri einstaklingum kost á vinnu og virkni.

Sköpuð verða störf og stuðningsúrræði fyrir:

- Atvinnulausa einstaklinga með bótarétt, 150 störf.
- Vinnufæra einstaklinga sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, 50 störf.





Framkvæmd

- Ráðið verður samtals í níu stöðugildi sérfræðinga sem starfa við vinnumiðlun og við stuðningsaðgerðir hjá velferðarsviði og mannauðs- og starfsumhverfissviði.
- Auglýst verður eftir stjórnanda atvinnu- og virknimiðlunar, teymisstjóra Virknihúss og sérfræðingum í virkni- og atvinnumiðlun.





Samstarf

Samstarf velferðarsviðs, Virk,
Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar og
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Áhersla er á að finna leiðir til að:

- Fylgja eftir og styðja ungt fólk sem stundar hvorki vinnu né nám.
- Byggja brú á milli kerfa til að koma í veg fyrir að einstaklingar „falli á milli kerfa“.
- Tryggja að einstaklingar fái leiðsögn og þjónustu frá því „kerfi“ sem best er til þess fallið að veita þjónustuna.







Að lokum



Þróun fjárhagsaðstoðar og virkni

- „Grípa“ strax þá sem einstaklinga sem eru vinnufærir með tilboðum um störf.
- Huga sérstaklega að virkniúrræðum fyrir aldurshópin 20 - 39 ára.
- Aðlaga virkniúrræði að notendum sem ekki tala íslensku.
- Þróa ný og sveigjanleg virkniúrræði út frá þörfum hverju sinni.
- Tryggja að virkniúrræði velferðarsviðs hafi á að skipa starfsfólki af erlendum uppruna með fjölbreytta þekkingu.
- Nýta stafrænar lausnir í þjónustu.
- Hlusta á rödd og reynslu þeirra sem nota þjónustuna.





Velferðarsvið

Höfðatorg, Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Sími 411 1111

reykjavik.is/velferd

facebook.com/velferdarsvid